

# Fréttabréf

KJÖTAFURÐASTÖÐVAR KAUPFÉLAGS SKAGFIRÐINGA (KKS) OG SLÁTURHÚSS KVVH (SKVVH)

MAÍ 2022

## Ágætu bændur!

Það hafa verið skrátnir tímar undanfarin tvö ár og virðast ætla að halda áfram en á öðrum forsendum. Nú þegar við virðumst vera að komast í gegnum Covid, þá tekur við stríðsástand í Úkraínu, sem hefur áhrif um allan heim.

Framleiðslukostnaður landbúnaðarvara í heiminum hefur hækkað verulega. Hækkandi olíuverð og annað orkuverð hefur áhrif á verðþróun á allri grunn hráefnisvöru. Þannig hefur áburðarverð hækkað sem leiðir af sér hækkun fódurverðs sem hefur áhrif á kjötverð. Verð á innfluttu kjöti hefur

hækkað um tugi prósentu undanfarna mánuði. Flutningur hefur hækkað verulega vegna olíuverðshækkana, sem og allt byggingarefni, plast og aðrar rekstrarvörur. Áfram eru krefjandi tímar framundan sem við þurfum að bregðast við með hagræðingu og hagkvæmum innkaupum.

Það er áhyggjuefni að framleiðslan í sauðfjárrækt heldur áfram að dragast saman og fyrirséð að svo verði einnig á komandi hausti. Afkoma bænda er óviðunandi og með þessu áframhaldi eykst óhagræðið enn frekar.



## Rekstur afurðastöðvanna

Rekstur afurðastöðvanna var með svipuðum hætti og árið á undan. Má segja að árangurinn sé góður í ljósi aðstæðna á öðru ári í Covid.

Þegar uppgjör lá fyrir var ákveðið að greiða uppbót á lambakjötsinnlegg haustsins. Verulegur bati var á rekstri

kjötvinnsunnar Esju annað árið í röð. Rekstur sláturhússins á Hellu hefur verið í jafnvægi undanfarin ár og svo var einnig síðastliðið ár. Það er vert að þakka starfsfólki sem hefur staðið sig mjög vel á krefjandi tímum og bændum fyrir góð og trygg viðskipti.



## Sláturtíðin 2021

Undirbúningur fyrir sláturtíð 2021 var, eins og árið á undan, óhefðbundinn og tók mið af sóttvörnum og lokunum

vegna Covid. Erfiðlega gekk að manna afurðastöðina og ef fram fer sem horfir verður enn erfiðara að manna sláturtíðina fyrir komandi haust. Mikill skortur er á vinnuafli á Íslandi og ekki hjálpa hörmungarnar í Úkraínu til sem hafa bein áhrif á starfsmenn sem alla jafna koma frá nærliggjandi svæðum. Útlit er fyrir ærið verkefni að manna allar stöður.

Alls var slátrað hjá KKS 86.441 dilk sem er umtalsverð fækkun frá árinu áður eða

upp á rúmlega 7.700 dilka. En á móti vegur að flokkun og fall var mjög gott. Meðalþyngd var 17,3 kg en var 16,9 kg árið áður. Gerð 9,54 og fita 6,82.

Hjá SKVH fækkaði um nær 4.000 dilka milli ára en slátrað var 84.306 dilkum með meðalþyngd 17,9 kg, sem er 500 g aukning frá árinu áður. Gerð 9,89 og fita 6,64.

Byrjað var að slátra hjá SKVH 30. ágúst og KKS 7. september og síðasti sláturdagur var 29. október. Teygðist úr sláturtíðinni í lokin en enn má hagræða og þetta slátrun í lok sláturtíðar. Skiptir þar öllu að bændur panti tímanlega fyrir fé sitt til slátrunar.

4% uppbót var greidd 28. febrúar sl. á dilkainnlegg haustsins 2021.

**Útlit er fyrir  
ærið verkefni  
að manna  
allar stöður...**

## Markaðsmál

Innanlandsmarkaður er að taka við sér eftir Covid og ferðapjónustan að lifna og eru menn þar á bæ nokkuð bjartsýnir fyrir komandi sumar.

Sala í verslunum hefur gengið nokkuð vel í faraldrinum en verið lakari í veitingageiranum. Viðskiptasamningur við Haga var endurnýjaður í haust sem og við Costco og

viðskipti við Samkaup hafa aukist verulega. Velta kjötvinnslunnar Esju jókst um 30% milli ára og afkoman batnaði verulega. Esjan er að verða komin í sambærilegt magn nautgripakjöts í vinnslu á viku eins og var fyrir Covid og er áfram öflugasta nautgripaúrbeiningastöð landsins.





## Útflutningur

Útflutningur hefur gengið vel að mestu leyti. Mest er flutt út á Bretland en tafir urðu á útflutningi þangað þar sem nýr kvóti upp á 692 tonn á ári dugar skammt.

Urðum við því að fresta útflutningi yfir á nýtt ár. Fyrir Brexit fluttu Íslendingar um 1.400 tonn á ári út og því er það naumt skammtað að hafa einungis tæpan helming af því. Spánn kom inn aftur af nokkrum krafti og Japan hefur haldið sínu. Noregur hefur einnig verið að koma sterkur inn. Minna fór á Færeyjar og Svíþjóð en oft áður. Eina sem ekki fór eins og ætlað var voru aukaafurðir sem fara áttu til Hong Kong

en kaupandinn sagði sig frá viðskiptunum eftir að fyrstu þrír gámarnir af 17 voru farnir og því hefur sala á þessum afurðum táfist. Allar gærur eru seldar og markaðshorfur ágætar áfram.

Fóðurfélagið safnaði aukaafurðum frá sláturhúsum norðan heiða og vann í verk-töku fyrir BHJ, sem er danskur kaupandi, sem sérhæfir sig í sölu á hráefnum til gæludýrafóðurgerðar. Fóðurfélagið mun áfram safna aukaafurðum til flokkunar, frystingar og sölu og unnið er að því að efla það starf enn frekar í samstarfi við afurðastöðvarnar.



## Birgðastaða

Birgðastaða er svipuð á þessum tíma-punkti og á sama tíma í fyrra. Ágætt jafnvægi milli hluta.

Ef okkar áætlanir ganga eftir þá eiga

þessar birgðir að duga fram að næstu sláturtíð. Við gerum því frekar ráð fyrir því að eiga litlar birgðir í haust þegar ný sláturtíð hefst.





## Næsta sláturtíð



Áætlað er að hefja slátrun í viku 35 hjá SKVH og slátra þrjá daga í þeirri viku. Hefja svo samfelda slátrun í vikunni eftir. Sláturtíð hefst svo 6. september hjá KKS. Slátrað verður fram undir lok október eða eftir því sem framboð leyfir. Opnað hefur verið fyrir pantanir í slátrun og eru bændur hvattir til að skila inn sauðfjarpöntunum tímanlega.

Enn um sinn höfum við tekið ákvörðun um að hafa afurðastöðvarnar lokaðar

öðrum en starfsfólki yfir vertíðina en það er gert til að verja okkar fólk eins og kostur er, bæði er veiran enn á sveimi og eitthvað um að starfsfólk sé óbólusett. Afurðastöðvarnar geta illa tekið á því vandamáli sem gæti komið upp ef fjöldi manns leggst í veikindi á sama tíma. Skrifstofan verður þó opin en fólk beðið um að hafa aðgát og fylgja þeim reglum sem settar verða.

Álag verður greitt á innlagt dillakjöt sem hér segir:

| VIKA | 35  | 36    | 37  | 38 |
|------|-----|-------|-----|----|
| ÁLAG | 15% | 12,5% | 10% | 5% |

## Stórgripaslátrun

Stórgripaslátrun hefur gengið vel og er slátrað um 50 til 60 gripum á viku. Heildarslátrun hjá KKS á síðasta ári var 2.400 nautgripir en var 1.889 gripir árið á undan.

Slátrað var 838 folöldum á móti 714 árið á undan og 472 hrossum á móti 654 hrossum. Á Hellu var slátrað 6.094 nautgripum en 5.387 nautgripum árið á undan og er Sláturhúsið á Hellu með flesta slátraða nautgripi á landinu síðastliðin ár.

Hella slátraði 339 folöldum og 206 hrossum á móti 599 folöldum og 453 hrossum árið á undan. Slátrun á hrossum dróst verulega saman á landsvísu eða um 20-25%. Nægjanlegt framboð hefur verið af nautgripum til slátrunar og vonandi að það haldist. Stefnt er að því að auka enn frekar við slátrun næstu vikunnar ef nægir gripir eru fyrir hendi og því ráðlagt að panta í tíma.

Breyting var á, til fyrra horfs, að hrossa-





og folaldaslátrun var að megninu til kláruð fyrir áramótin. Þau hross og folöld sem eftir eru og sem pantað er fyrir til slátrunar eiga að komast nokkuð fljótt að.

Ágætt er svo að huga tímanlega að því að panta fyrir hrossaslátrun næsta haust.

Þann 1. apríl hækka allir betri flokkar nautgripakjöts til bænda um 5-6,5%, sjá nánar á heimasíðu [www.ks.is](http://www.ks.is)



## Framkvæmdir

Ákvörðun var tekin um kaup á búnaði við sauðfjárslátrun bæði hjá SKVH og KKS. Um er að ræða búnað sem mun auðvelda og fækka störfum við fláningu.

Búnaðurinn á að leysa bóg-, síðu- og bakfláningu og eiga því að geta fallið út fimm til sex störf á hvoru húsi. Einnig var fjárfest í nýjum afdrögurum sem taka gærna endanlega af skroknum

og koma þau tæki í stað eldri tækja sem fyrir höfðu verið. Hjá SKVH verður einnig keypt ný sög sem og flæðimerkivog. KKS endurnýjaði pökkunarvél fyrir grillkjöt o.fl. Allur þessi búnaður er væntanlegur á næstu mánuðum. Verið er að skoða lausnir til einföldunar á aflestri eyrnamerkja í sauðfjárslátrun. Ekki er þó líklegt að það verði tilbúið fyrr enn haustið 2023.

## Sérstök afurðagreiðsla 2022

Undanfarin misseri hafa átt sér stað gríðarlega verðhækkanir á aðföngum í landbúnaði eins og í mörgum öðrum atvinnugreinum. Ástæðurnar þekkja menn, Covid og nú síðast stríð milli Rússa og Úkraínumanna, en þær hafa leitt af sér m.a. tvöföldun á áburðarverði milli ára.

Við þessar fáheyrðu aðstæður hefur verið tekin ákvörðun um að greiða innleggjendum afurðastöðva KS og SKVH kr. 30 pr./kg. á innlagt dilljakjöt haustið

2022. Hér er um að ræða „sérstaka“ afurðagreiðslu óháð ákvörðun um haustverð í sláturtíð. Ákveðið hefur verið að flýta þessari greiðslu og greiða hana núna í maí og verður uppgreiðslan miðað við innlegg síðasta hausts.

Viðbótargreiðsla þessi hefur ekki áhrif á afurðaverð á næstu sláturtíð, en þá munu afurðastöðvar KS og SKVH leitast við að greiða hæsta afurðastöðvaverðið óháð viðbótargreiðslunni.





## Landbúnaðarstefna og aðstöðuhalli íslensks landbúnaðar

Mjög mikilvægt starf fer fram á næstu mánuðum í nýstofnuðu Matvælaráðuneyti undir stjórn hæstvirts ráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, við gerð fyrstu landbúnaðarstefnu fyrir Ísland frá stofnun lýðveldisins. Vinnan mun byggja á skýrslu sem nefnd, undir stjórn Björns Bjarnasonar, vann á síðasta kjörtímabili. Hvernig til tekst mun hafa mikil áhrif á íslenska þjóð um ókomin ár.

Til þess að vel takist til er nauðsynlegt að hafa að leiðarljósi að Íslandi er frjálst að setja sína landbúnaðarstefnu á eigin forsendum og þarf ekki að taka tillit til annarra ríkja eða horfa til þeirra á nokkurn hátt. Í þeim efnum höfum við einungis skyldum að gegna gagnvart íslenskri þjóð og íslenskum hagsmunum. Þeir eru mjög ríkir eins og berlega hefur komið í ljós nokkuð oft á síðasta einum og hálfa áratug. Ísland er ekki bundið af neinum samningum við önnur ríki en þegar hafa verið gerðir um gagnkvæm viðskipti.



Ef við búum íslenskum landbúnaði ekki sambærilega eða betri umgjörð en okkar nágrannalönd mun það þegar fram í sækir ógna fæðuöryggi og þar með sjálfstæði þjóðarinnar. Alvarleikinn og ógnin við íslenska þjóð kemur sterkt fram þegar kreppir að. Hvort sem það er fjármálahrun, uppskerubrestur, kórónuveira, stríð eða annað sem ógnar fæðuöryggi þjóða þá kemur í ljós að hver hugsar fyrst um sig. Þrátt fyrir aðild að Evrópusambandinu hafa einstök ríki Evrópu, þegar kreppir að, bannað

útflutning á landbúnaðarvörum. Þá ræður neyðarréttur þjóða og þá er litla Ísland neðst á lista og lengst í burtu. Miðað við stærð og legu landsins ætti stuðningur við landbúnaðinn að vera hlutfallslega hæstur hér á landi en ekki lægstur, þegar allt er talið saman. Að þetta sé raunveruleikinn er líklega þvert á þá almennu skoðun sem ríkir í þjóðfélaginu.

Augljósast er að horfa til Noregs og síðan til Evrópusambandsins til að sjá





hve aðrar þjóðir ganga langt í að verja sitt fæðuöryggi og niðurgreiða sinn landbúnað með beinum og óbeinum hætti. Á báðum stöðum eru víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum og tollvarnir miklar. Þegar allt er lagt saman, víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum, aðlögun reglugerða að aðstæðum hvers ríkis, beinn stuðningur, tollvernd, tollaefirlit, tollasamningar við önnur ríki og markaðs-inngrip, svo eitthvað sé nefnt, þá er óhætt að fullyrða að Ísland rekur lestina þegar kemur að stuðningi við bændur og fyrirtæki í landbúnaði.

Þrátt fyrir ofangreint er hlutfall matarkörfunnar af ráðstöfunartekjum fólks einna lægst á Íslandi af öllum ríkjum Evrópu.

Ný landbúnaðarstefna þarf að taka mið af því að við erum örþjóð sem lifum á eyju í Norður-Atlantshafi og þurfum að minnsta kosti að tryggja okkar bændum og landbúnaðarfyrirtækjum samþærileg kjör og aðrar þjóðir gera. Á það hefur hallað meira og meira á undanförunum áratugum.

Þennan neikvæða aðstöðumun gagnvart íslenskum landbúnaði þarf að leiðrétta í nýrri landbúnaðarstefnu. Annars verður hún ómerk innan skamms tíma.

**Ný landbúnaðarstefna þarf að taka mið af því að við erum örþjóð sem lifum á eyju í Norður Atlantshafi...**

*Sigurjón Rúnar Rafnsson,  
aðstoðarkaupfélagsstjóri*



## Lokaorð

Í fréttabréfinu hefur verið farið yfir helstu atriði er varða starfsemi afurðastöðvanna. Áfram leggjum við áherslu á öflugan og traustan rekstur og leitum ávallt leiða til að hagræða og gera betur.

**Það er sjálfsgöð krafa bænda að afurðir þeirra fylgi annarri verðlagsþróun í landinu...**

Við leggjum okkur fram við að greina ógnir og tækifæri og bregðast við með ábyrgum hætti eins og kostur er á hverjum tíma. Það verða áfram krefjandi tímar fyrir landbúnaðinn. Eins og fram hefur komið þá hafa gríðarlegar kostnaðarhækkanir átt sér stað undanfarna mánuði og ekki séð fyrir endann á þeirri þróun. **Það er því alveg ljóst að verð fyrir afurðir í haust mun þurfa að hækka.**



Það er nauðsynlegt að við náum að snúa þeirri þróun við sem átt hefur sér stað í samdrætti undanfarin ár í sauðfjárrækt. Það er líka nauðsynlegt að styrkja stoðir nautgriparæktar í landinu. Það er sjálfsgöð krafa bænda að afurðir þeirra fylgi annarri verðlagsþróun í landinu. Orðið „matvælaöryggi“ er aftur orðið vinsælt í orðaforða ráðamanna. Það hlýtur því að vera skilningur fyrir því að skapa stefnu sem tryggir þetta öryggi.

Við þökkum starfsfólki okkar fyrir vel unnin störf og sömuleiðis bændum og óskum eftir áframhaldandi góðu samstarfi.

**Ágúst Andrésson,**  
forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS

ÚTGEFANDI Kjötafurðastöð KS | ÁBYRGÐARMAÐUR Ágúst Andrésson | UMSJÓN Edda Þórðardóttir | UPPSETNING & PRENTUN Nýprent ehf.

